



## *Innritunarreglur fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar*

### 1. gr.

Innritun fer fram frá 15. apríl til 15. júní ár hvert. Nemendur sem hafa stundað nám við skólann hafa forgang ef takmarka þarf fjölda nemenda á einstök hljóðfæri. Nemendur þurfa ekki að innrita sig að nýju við annaskil í janúar en nemendur þurfa að tilkynna fyrir áramót ef þeir ætla að hætta námi. Sé það ekki gert er litið svo á að nemandi haldi áfram námi út skólaárið. Ef pláss losna fyrir nýja nemendur um áramót þá eru þau auglýst fyrir 15. janúar.

### 2. gr.

Nemendur í 1. – 4. bekk geta valið um að taka hálf tákím sem er einkatím (30 mínútur) eða heilt nám (60 mínútur). Nemendum í 5. – 10. bekk er einungis boðið upp á að velja heilt nám.

### 3. gr.

Innritun fer fram í gegnum heimasíðu Skagafjarðar. Við innritun skuldbinda nemendur sig til að greiða eina önn í senn að lágmarki og eru skólagjöld óendurkræf. Undantekningu má gera í sérstökum tilfellum s. s. vegna veikinda.

### 4. gr.

Hægt að velja um hvort námsgjöld séu greidd einu sinni á önn eða þeim skipt upp í fleiri greiðslur. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga og dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

### 5. gr.

Grunnskólabörn hafa forgang til náms, innritunardagur ræður forgangsröðun inn í skólann. Leyfilegt er að innrita leikskólabörn og nemendur 18 ára og eldri ef það eru laus pláss í skólanum.

### 6. gr.

Reglur um systkinaafslátt miðast við að fullt gjald er greitt fyrir hæsta verð skv. gjaldskrá, annað barn frá sama heimili fær 25% afslátt, þriðja barn fær 50% afslátt og 4. barn fær 100% afslátt. Ef fleiri en einn nemandi eru saman í hljóðfæranámi er 25% lægra gjald.

### 7. gr.

Nemandi sem lærir á eitt hljóðfæri hefur forgang að námi umfram nemanda sem óskar eftir að læra á hljóðfæri nr. tvö.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

### 11. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2023.



Samþykkt í fræðslunefnd 18. Okt. 2022 og sveitarstjórn 16. nóv. 2022

Málsnr. 2208292